

Reikningur

yfir tekjur og gjöld gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og konu hans, frá Þórunni Hannesdóttur, árið 1898.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj. tíð. 1897, B, 14. bls.)	
a. í óuppsegjanlegum ríkisskuldabréfum	kr. 2400,00
b. í láni gegn fasteignarveði	— 500,00
c. í landsbankanum með sparisjóðskjörum	— 693,51
d. í sjóði hjá undirskrifuðum	— 42,00
	<hr/> kr. 3635,51
2. Vextir af innstæðu:	
a. af ríkisskuldabréfum frá $\frac{11}{6}$ og $\frac{11}{12}$ '98	kr. 84,00
b. — láni gegn fasteignarveði	— 20,00
c. — fje í landsbankanum	— 24,69
	<hr/> kr. 128,69
	Samtals kr. 3764,20

Útgjöld:

Sjóður í árslok:

a. í óuppsegjanlegum ríkisskuldabréfum.	kr. 2400,00
b. í láni gegn fasteignarveði	— 500,00
c. í landsbankanum með sparisjóðskjörum	— 864,20
	<hr/> kr. 3764,20

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Reykjavík 6. janúar 1899.

Magnús Stephensen.

Embættisskipun.

20. janúar var prestinum *sira Páli Hjaltalin Jónssyni* af landshöfðingja veitt *Svalbarðsprestakall* í Norðurþingeyjarprófastsdæmi frá fardögum 1899 að telja.

Heiðursmerki.

5. janúar var *justitiarius* í *hinum konunglega íslenska landsyfirrjetti L. E. Sveinbjörnsson* r. af dbr. af konungi sæmdur heiðursmerki dannebrogsmanna.

s. d. var *amtmaður yfir Norðuramtinu og Austuramtinu Páll Briem* af konungi sæmdur riddarakrossi dannebrogsorðunnar.

Óveitt prestakall.

Lundarbrekka í Bárðardal, mat: kr 783,01. Búast má við, að núverandi tillag til brauðsins úr landssjóði verði að nokkru *feða* öllu leyti lagt út í kirkjujörðum frá Grenjaðarstað og Múla.

Veitist frá næstu fardögum að telja.

Umsóknarfrestur til 23. febrúar 1899.